

# STEFNA OG VIÐBRAGÐSÁÆTLUN KAUPFÉLAGS VESTUR - HÚNVETNINGA

## GEGN EINELTI, KYNFERÐISLEGRI OG KYNBUNDINNI ÁREITNI OG OFBELDI

Hjá fyrirtækinu er lögð áhersla á góðan starfsanda, þar sem ríkir traust, trúnaður, jafnræði og hreinskilni milli allra starfsmanna. Starfsmönnum ber að temja sér kurteisi og háttvísi í framkomu og sýna hver öðrum tilhlýðilega virðingu og jákvætt viðmót.

Allir á vinnustaðnum þurfa að leggja sitt af mörkum til að fyrirbyggja neikvæða hegðun og stuðla að góðum samskiptum, starfsánægju og öruggu umhverfi. Þetta skiptir okkur öll miklu máli og við berum öll ábyrgð í þessum efnum. Því er mikilvægt að stjórn starfsmenn láti vita ef upp koma neikvæð og erfið samskipti til að hægt sé að taka á málum.

Einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi verður undir engum kringumstæðum umborið á vinnustaðnum, hvorki í samskiptum stjórnar, starfsmanna né samskiptum við einstaklinga sem sækja þjónustu til eða eru í viðskiptum við fyrirtækið.

Upplifun einstaklingsins skiptir meginmáli þegar rætt er um einelti og aðra ótilhlýðilega hegðun. Sérhver polandi verður sjálfur að meta hvaða framkomu hann umber, frá hverjum og segja frá sé honum misboðið.

Stefna þessi og viðbragðsáætlun er sett á grundvelli 38. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerðar nr. 1009/2015 um um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

### MARKMIÐ OG SKILGREININGAR

Markmið stefnu og viðbragðsáætlunar gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi er að koma í veg fyrir áreitni á vinnustaðnum og tryggja að úrræði séu til staðar telji aðili sig hafa orðið fyrir slíkum brotum. Skilgreiningar á hugtökum í stefnu þessari og viðbragðsáætlun styðst við gildandi vinnuverndarlög og reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015:

**Einelti:** Síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.

**Kynbundin áreitni:** Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.

**Kynferðisleg áreitni:** Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknað og/eða líkamleg.

**Ofbeldi:** Hvers kyns hegðun sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir henni verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennd svipting frelsis.

## SKYLDUR STJÓRNENDA

Stjórnendur skulu vinna að því að tryggja gott vinnuumhverfi og að samskipti á vinnustað séu í samræmi við stefnu fyrirtækisins. Þeir skulu kynna nýjum starfsmönnum stefnu þessa og viðbragðsáætlun þegar við upphaf starfs.

Stjórnendur þurfa að vera meðvitaðir um þær aðstæður á vinnustað sem geta ýtt undir einelti, áreitni og ofbeldi og fyrirbyggja óviðeigandi hegðun s.s. með því að taka strax á neikvæðu tali, vera fyrirmynd í framkomu og samskiptum og efla jákvæðan starfsanda. Þeir skulu gera starfsmönnum ljóst ef hegðun þeirra er óviðeigandi.

Stjórnendur skulu í samstarfi við kaupfélagsstjóra bregðast við í samræmi við viðbragðsáætlun ef kvörtun eða ábending berst um einelti, áreitni eða ofbeldi. Þeir skulu sýna varfærni, nærgætni og trúnað í öllum aðgerðum.

## SKYLDUR STARFSMANNA

Starfsmönnum er óheimilt að leggja aðra starfsmenn í einelti, áreita eða beita þá ofbeldi.

Það er á ábyrgð allra starfsmanna að koma í veg fyrir einelti og aðra ótilhlýðilega hegðun, bæði með eigin athöfnum og tilkynningu til yfirmanns eða kaupfélagsstjóra.

Starfsmaður skal upplýsa kaupfélagsstjóra eða næsta yfirmann telji hann sig hafa orðið fyrir einelti, áreitni eða ofbeldi eða hefur rökstuddan grun eða vitneskju um slíka hegðun á vinnustaðnum.

Hafa ber í huga að einstaklingur getur verið ómeðvitaður um að hegðun hans sé óviðeigandi. Því er mikilvægt að starfsmenn setji mörk og geri grein fyrir því ef þeim líkar ekki framkoman. Ef einstaklingur treystir sér ekki til að tala við viðkomandi ætti hann að leita aðstoðar og eftir atvikum tilkynna um málið.

## UM STJÓRN

Stefna þessi gildir einnig um samskipti stjórnarmanna og starfsmanna. Hún gildir einnig um stjórnarmenn og kaupfélagsstjóra, janfvel þó að atvik tengist ekki fyrirtækinu. Í þannig tilfellum skal stjórnarmaður víkja úr stjórn og skal varamaður taka sæti hans fram að næsta aðalfundi. Úrskurðarvald í málefnum stjórnarmanna liggur hjá meirihluta stjórnar. Í tilviki þar sem kaupfélagsstjóri á í hlut skal stjórn meta viðbrögðin. Viðbragðsáætlun á ekki við um tilvik sem ekki tengjast fyrirtækinu.

## FRAMKVÆMD

Nýjum starfsmönnum skal kynnt stefna og viðbragðsáætlun fyrirtækisins til að koma í veg fyrir einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi strax við upphaf starfs. Stefnan og viðbragsáætlunin eru rifjaðar upp reglulega á starfsmannafundum. Einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi er ekki liðið hjá fyrirtækinu en jafnframt verður tekið á fölskum ásökunum um einelti, áreitni eða ofbeldi. Ef yfirmaður fær vitneskju um einelti, áreitni eða ofbeldi skal hann bregðast við í samræmi við viðbragðsáætlun.

Fyrirtækið munu grípa til aðgerða gagnvart starfsmönnum sem leggja aðra í einelti, beita áreitni eða ofbeldi, t.d. með áminningu eða uppsögn. Gerandinn verður látinn axla ábyrgð. Þörf þolanda fyrir stuðning er metin og stuðningur veittur eftir því sem þörf krefur.



Leiði mat á aðstæðum til þess að einelti, áreitni eða ofbeldi eigi sér ekki stað eða hafi ekki átt sér stað á vinnustaðnum skal samt sem áður grípa til aðgerða í því skyni að uppræta þær aðstæður sem kvartað hafði verið yfir eða bent verið á, séu aðstæðurnar enn til staðar, sem og í því skyni að koma í veg fyrir að aðstæðurnar komi upp aftur.

Stjórn Kaupfélags Vestur – Húnvetninga leggur þessa stefnu fram til samþykktar á aðalfundi félagsins þann 20 apríl 2022. Stjórn félagsins ber ábyrgð á að stefnu þessari sé fylgt. Jafnframt leggur aðalfundur þá skyldu á herðar stjórnar hverju sinni að uppfæra stefnuna og viðbragðsáætlunina eftir þörfum og þarf ekki samþykkt aðalfundar til þesskonar breytinga á stefnu þessari eða á viðbragðsáætlun.

Refur Benediktsson, fundarstjóri  
Gertmundur Haukur Ólafur, fundarstjóri

# VIÐBRAGÐSÁÆTLUN

## VERKLAG UM VIÐBRÖGÐ VIÐ EINELTI, KYNFERÐISLEGRI EÐA KYNBUNDNU ÁREITNI OG OFBELDI

### KVÖRTUN/ TILKYNNING

Starfsmaður sem hefur orðið fyrir eða hefur vitneskju um einelti, áreitni eða ofbeldi á vinnustað skal upplýsa næsta yfirmann eða kaupfélagsstjóra um það. Ef næsti yfirmaður er gerandi málsins eða sinnir því ekki er hægt að snúa sér til kaupfélagsstjóra eða til formanns stjórnar fyrirtækisins ef kaupfélagsstjóri á í hlut.

Í samráði við þolanda er ákveðið hvort bregðast megi við með óformlegri málsmeðferð eða hvort lög og reglur á sviði vinnuverndar krefjist formlegrar málsmeðferðar. Stjórnanda ber í öllum tilvikum að bregðast við og uppfylla þær skyldur sem hvíla á atvinnurekanda samkvæmt lögum og reglum, m.a. til að koma í veg fyrir að ótilhlýðileg hegðun endurtaki sig á vinnustaðnum.

Á meðan málsmeðferð stendur ber að notast við hugtökin „meintur þolandi“ og „meintur gerandi“.

#### Óformleg málsmeðferð

Ef þolandi óskar eftir óformlegri málsmeðferð, og stjórnandi telur heimilt að verða við því, er upplýsinga leitað hjá þolanda og honum veittur stuðningur með trúnaðarsamtali eða ráðgjöf í samráði við kaupfélagsstjóra. Gripið er til viðeigandi aðgerða í samráði við þolanda. Aðrir innan vinnustaðarins eru ekki upplýstir um málið.

#### Formleg málsmeðferð

Ef atvik krefst formlegrar málsmeðferðar skal yfirmaður í samstarfi við kaupfélagsstjóra bregðast við í samræmi við eftirfarandi verklag. Ef þolandi og gerandi heyra undir sinn hvorn stjórnandann skal kaupfélagsstjóri leiða málsmeðferð.

#### 1. Rannsókn

- Ræða við meintan þolanda, fara vel yfir hans upplifun og lýsingu á atvikum. Kanna hverjir hafi orðið vitni að tilgreindum atvikum að mati þolanda.
- Ræða við meintan geranda, fara yfir hans upplifun af tilgreindum atvikum og lýsingu hans á þeim. Kanna hverjir hafi orðið vitni að atvikunum að mati geranda.
- Þjóða meintum þolanda og meintum geranda upp á ráðgjöf innanhúss eða eftir atvikum utanaðkomandi ráðgjafa.
- Ræða við meint vitni að atvikum ef þörf er á, fá upplýsingar um þeirra upplifun af atvikum, atvikalýsingu og hverjir hafi verið viðstaddir.
- Skrá skal niður allt sem tengist meðferð málsins og halda hlutaðeigandi starfsmönnum upplýstum meðan á meðferðinni stendur. Aðgangur að gögnum er takmarkaður við þá sem vinna að könnun málsins.

#### 2. Mat

- Fara yfir mat á því hvað hafi átt sér stað.
- Meta hvort það geti talist vera einelti, áreitni eða ofbeldi samkvæmt skilgreiningu.



### 3. Aðgerðir

- a) Ef niðurstaðan er að um samskiptavanda sé að ræða en ekki einelti, áreitni eða ofbeldi í skilningu stefnu þessarar:
1. Greiða úr samskiptum.
  2. Gefa skýr skilaboð um samskipti á vinnustað.
  3. Eftirlit og eftirfylgni.
- b) Ef talið er að um einelti, áreitni eða ofbeldi sé að ræða í skilningi stefnu þessarar:
1. Fá aðstoð utanaðkomandi ráðgjafa.
  2. Meta afleiðingar fyrir geranda.
    - a. Áminning/upsögn. Geranda getur verið veitt áminning eða til uppsagnar getur komið allt eftir mati á alvarleika málsins.
    - b. Ákvörðun um hvernig er tekið á máli ef gerandi verður áfram á vinnustaðnum til að koma í veg fyrir frekara einelti. Láti gerandi ekki segjast og viðheldur hegðun sinni getur það leitt til uppsagnar.
  3. Eftirfylgni.
    - a. Stuðningur við þolanda.
    - b. Fylgjast með andlegri líðan þolanda.
    - c. Mat á árangri aðgerða.
    - d. Leggja mat á hvort þörf er á breytingum á vinnustað, vinnubrögðum, vinnuskipulagi eða öðru til að draga úr líkum á endurteknum tilvikum.
- c) Þegar litið er svo á að máli sé lokið skal upplýsa hlutaðeigandi starfsmenn um það.

Allar upplýsingar sem fást um málið verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og verða skrifleg gögn varðveitt á öruggum stað á ábyrgð atvinnurekanda í samræmi við lög um persónuvernd. Hlutaðeigandi starfsmönnum er veittur aðgangur að gögnum eftir því sem þeir óska og lög um persónuvernd heimila.

Ef málsatvik varða einstakling sem ekki er starfsmaður fyrirtækisins en samskiptin eiga sér stað í tengslum við starfsemi fyrirtækisins mun kaupfélagsstjóri strax hefja athugun á málsatvikum. Að athugun lokinni mun verða gripið til aðgerða til að varna að slíkt komi fyrir aftur. Í þessu felst að gripið verður til ráðstafana og aðgerða sem eru til þess fallnar að verja starfsfólk fyrir slíku áreitni. Fundin verður lausn sem m.a. getur falist í breytingum á vinnustaðnum, vinnubrögðum eða vinnuskipulagi.

Þegar litið er á að máli sé lokið skal upplýsa hlutaðeigandi starfsmenn um það.

Stefna þessi og viðbragðsáætlun er samþykkt af aðalfundi Kaupfélags - Vestur Húnavetninga þann 19. apríl 2022.